

ATHUGUN Á SEIÐASTOFNUM
HÚSEYJARKVÍSLAR OG SVARTÄR 1989

Tumi Tómasson

└Hólum, maí 1990

VMST-N/90012X└



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORDURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

ATHUGUN Á SEIÐASTOFNUM HÚSEYJARKVÍSLAR OG SVARTÁR 1989

INNGANGUR

Frá árinu 1985 hafa verið gerðar af og til athuganir á uppeldisskilyrðum og seiðastofnum Húseyjarkvíslar og Svartár. Athuganirnar voru ítarlegastar 1988. Í skýrslu frá 1989 er gerð grein fyrir þessum athugunum og helstu möguleikum um áframhaldandi laxrækt á svæðinu (Tumi Tómasson 1989).

Síðastliðið sumar voru seiðastofnar á vatnasvæðinu athugaðir með rafveiðum 22. ágúst. Þá bárust þrjú hreistursýni til aldursgreiningar, og einnig voru aldursgreind hreistursýni úr veiðinni 1987 og 1986.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Alls var rafveitt á 9 stöðum (Mynd 1). Laxaseiði voru allstaðar ríkjandi, en töluvert veiddist einnig af urriða-seiðum á neðri staðnum í Húseyjarkvísl og í Grófargilsá. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða er sýnd á Mynd 2, og nánari upplýsingar um fjölda veiddra seiða eftir tegundum og aldri er að finna í Töflu 1.

Í Svartá og Mælifellsá veiddust einungis laxaseiði, utan eins bleikjuseiðis í Mælifellsá. Það er augljóst að með laxrækt á þessu svæði er ekki verið að fórna öðrum veiðihagsmunum. Seiðin sem veiddust eru öll úr sleppingum eða hrognagreftri.

Vöxtur sleppiseiða er nokkuð góður, enda seiðin almennt væn þegar þeim er sleppt. Fram í Svartá, hjá Kornsa, er líklegt að sleppiseiðin þurfi flest að dvelja þrjá vetur í ánni áður en sjóþroska er náð. Þótt Mælifellsáin sé fremur rýr ná seiði þar góðum vexti og má þakka það vel dreifðri sleppingu. Þar gæti eitthvað hlutfall gengið til sjávar eftir tveggja ára ferskvatnsdvöl, mishátt eftir árferði.

Sumarið 1989 var smáseiðum sleppt á brotakafli í Svartá, frá brúnni að Kornsa og niður að Reykjafossi. Á þessum kafla er víðast lítið skjól og uppeldissvæði því almennt rýr, fyrir utan neðstu 500 metrana eða svo þar sem er að finna bestu uppeldisskilyrðin í allri ánni. Seiði sem sleppt er á þennan kafla geta náð sjóþroska á tveimur árum.

Seiðaástand í Húseyjarkvísl var svipað því sem verið hefur. Í gilinu eru uppeldisskilyrði víða góð, en hrygningarskilyrði lítil eða engin. Þar finnast því einungis 1+ og 2+ seiði sem hafa gengið upp ána frá hrygningarstöðunum neðar. Við vaðið að Saurbæ eru 0+ og 1+ laxaseiði ríkjandi, en þar eru lítil skilyrði fyrir stærri seiði. Laxaseiðin verða því að ganga upp ána til að finna sér heppilega viðverustaði þegar þau stækka. Þessi skipting uppeldis- og hrygningarsvæða virðist tryggja hæfilegan ásetning og góðan vöxt seiða í Húseyjarkvísl.

Ferskvatnsaldur seiða er líklega nokkuð stöðugur í kringum þrjú ár í eðlilegu árferði, með auknu hlutfalli af fjögurra ára gönguseiðum eftir köld sumur.

Í Grófargilsá eru uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði góð og afkoma sleppiseiða eftir því. Þar virðast vera nokkur áraskipti á hvort mikið hrygnir/kemst upp af urriða/sjóbirtingi.

Fyrri athuganir benda til að seiði sem sleppt var 1986 hafi að hluta gengið til sjávar 1988 og afgangurinn 1989. Sumarið 1989 veiddust 113 laxar í Húseyjarkvísl, 48 smálaxar og 65 stórlaxar. Þetta er mesta veiði síðan 1978 (Guðni Guðbergs-son 1989). Það mátti reikna með að sleppingarnar frá 1986 hafi byrjað að skila árangri í veiðinni 1989, en ekki er hægt að reikna með að árangur sleppinganna komi að fullu í ljós fyrr en á næstu tveimur árum. Yfirlit yfir sleppingarnar frá 1986 er að finna í Töflu 2. Árið 1988 veiddust einungis 73 laxar í Húseyjarkvísl. Þetta sannar þó ekki ágæti smáseiðasleppinganna, en er vísbending um árangur þeirra.

Alls bárust þrjú hreistursýni, öll af löxum veiddum 20. ágúst 1989. Tvö voru af smálöxum sem höfðu báðir dvalið þrjú ár í ferskvatni, en annar þeirra hafði veiðst í gildru og verið merktur í Blöndu 15. júlí. Sex kg hrygnu sem veiddist sama dag má rekja til smáseiðasleppinga. Hún hafði aðeins dvalið tvö ár í ferskvatni. Allir laxarnir veiddust í Gullhyl. Niðurstöður hreisturslesninga frá 1986 og 1987 er að finna í Töflu 3. Sumarið 1986 hafði stór hluti veiddra smálaxa verið fjögur ár í ferskvatni. Þetta er klakárgangurinn frá 1981, sem þá lenti í tveimur af þremur köldustu sumrum aldarinnar, 1981 og 1983. Því eldri sem gönguseiðin eru, því meiri tilhneigingu virðast þau hafa til að koma sem smálax.

ÁLYKTANIR

Svo virðist sem smáseiðasleppingar á vatnasvæðinu gætu gefið góða raun, en til að fá betra mat á árangur þeirra er mikilvægt að safna hreistursýnum af sem flestum veiddum löxum. Miðað við stærð uppeldissvæða á laxgengum og ólaxgengum svæðum kæmi mér ekki á óvart þótt tvöfalda mætti laxagengd í Húseyjarkvísl með smáseiðasleppingum. Til að tryggja sem besta nýtingu ólaxgengra svæða verður að dreifa seiðunum vel þegar þeim er sleppt.

Einnig getur verið gott að sleppa einungis annað hvort ár á hvert svæði. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að á næstu árum verði safnað hreistursýnum til að raunhæft mat fáið á árangur og hagkvæmni smáseiðasleppinga.

Í sumar legg ég til að sleppt verði 8000 smáseiðum, þar af 6000 í Mælifellsá (að jafnaði 1 seiði á hvern metra) og 500 seiðum framarlega í Vatnsá (Grjótalæk). Ég legg til að ekki verði sleppt seiðum í Svartá í sumar, en þar verði síðan aftur sleppt smáseiðum 1991.

Með því að sleppa seiðum annað hvert ár, til skiptis í Svartá og hliðarárnar, ætti í framtíðinni að fást betra mat á uppeldisskilyrði mismunandi hluta ólaxgengra svæða.

HEIMILDIR

Guðni Guðbergsson 1989.

Laxveiðin 1988, Skýrsla Veiðimálstofnunar, VMST-R/89019

Tumi Tómasson 1989.

Laxrækt í Húseyjarkvísl og Svartá 1985-1988. Skýrsla Veiðimálstofnunar VMST-N/89012X.

Tafla 1. Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m² í rafveiðum 22. ágúst 1989, eftir tegundum og aldri.

	Stærð m	0+	Lax 1+	2+	3+	Urriði 0+	1+	2+	Bleikja
Svartá									
2	50x10	-	2.0	-	-	-	-	-	-
3	50x15	-	1.9	-	0.4	-	-	-	-
4	50x15	0.9	-	-	-	-	-	-	-
Húseyjarkvísl									
1	40x12	-	4.0	3.1	-	-	-	-	-
2	40x15	3.3	1.2	0.5	-	4.0	-	-	-
Mælifellsá									
2	35x8	0.4	2.5	-	-	-	-	-	-
3	40x11	-	1.4	-	-	-	-	-	0.2
5	30x13	0.3	0.8	-	-	-	-	-	-
Grófargilsá									
	60x5	-	3.7	0.3	-	-	1.0	1.7	-

Tafla 2. Yfirlit yfir smáseiðasleppingar á vatnasvæði Húseyjarkvíslar frá 1986.

1986	Staður	Dags	Fjöldi	Staður
	Mælifellsá	18/7	4000	öll áin
	Svartá	-	2000	fyrir framan
	Borgará	-	1000	Gljúfurá
	Grófargilsá	-	1500	
	Samtals 1986		8500	
1987	Mælifellsá	12/6	2000	framarlega
	Svartá	-	4000	frá Korná að
	Grófargilsá	?	?	Árnesi
	Samtals	1987	6000+	
1988	Mælifellsá	21/5	4800	neðantil og
	Svartá	-	2800	fram á dal
	Grófargilsá	21/6	1800	svæði fyrir
	Svartá	29/7	3000	framan Korná
				hjá Gilhaga og
				Borgarfelli
	Samtals 1988		12400	
1989	Mælifellsá	júní	1500	
	Grófargilsá	-	1500	framalega
	Grjótlækur/Vatná	-	500	neðantil
	Svartá	ágúst	3500	neðantil
	Svartá	-	3200	neðantil
	Samtals		10200	

Tafla 3. Aldursgreining hreistursýna af löxum sem veiddust í Húseyjarkvísl 1987 og 1988.

1987		Sjávaraldur	
Ferskvatnsaldur	1 ár	2 ár	
2 ár	1	1	
3 ár	5	4	
4 ár	2	-	
Samtals	8	5	

1986		Sjávaraldur	
Ferskvatnsaldur	1 ár	2 ár	
gs	1	-	
2 ár	-	-	
3 ár	1	4	
4 ár	5	2	
Samtals	7	6	

PAFASTADIR

HERASVÖTN



GRÍFARBIL



VARMHILLID

GRÍFARHILN



HÚSEYJARKVÍSL

0 1 2 3 4 5 km

BOLGARN

SAURBAR



REYKJAFÖSS

VATNSA

STEINTUN



HVÍTEYRAR



MÆLIFELLSA




SVARTÁ

KORNÁ



GILNAGI

Mynd 1. Yfirlitskort af vatnasvæði Húseyjarkvísar. Rafveiðistaðir eru merktir með hring og inn í hann skrifaðar tölur ef veitt hefur verið á fleiri en einum stað í ánni, annars x



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða á vatnasvæði Húseyjarkvíslar 22. ágúst 1989.